VINNUEFTIRLITIÐ
ADMINISTRATION OF OCCUPATIONAL SAFETY AND HEALTH

Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
105 REYKJAVÍK

Reykjavík 14.11.2014

Tilvísun: 201405-0180/6.01.04

**Efni: Kísilmálmverksmiðja Thorsils í Helguvík, Reykjanesbæ, frummatsskýrsla.**

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar frá 20. október 2014 þar sem óskað er eftir umsögn Vinnueftirlits ríkisins vegna um frummatskýrslu um framleiðslu á allt að 110.000 tonnum af kísilmálmi hjá Thorsil í Helguvík, Reykjanesbæ.

**Fyrirtækinu ber að sækja um starfsleyfi til Vinnueftirlitsins skv., 95. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.** Æskilegt er að það komi fram í 1.5 þar sem fjallað er um leyfi sem framkvæmdin er háð.

Þau efni sem notuð eru eða verða til við kísilmálmframleiðsluna, samkvæmt upplýsingum í frummatsskýrslu Thorsil frá október 2014, kalla ekki á að starfsstöðin verði stórslysavarnaskyld samkvæmt reglugerð 160/2007. Ekki kemur fram hvert verður magn hráefna sem varðveitt verða á verksmiðjusvæðinu á hverjum tíma en samkvæmt reynslu af öðrum svipuðum verksmiðjum víða er ekki ástæða til að ætla að magn varasamra efna, s.s. eldsneytis eða eitraðra efna, fari yfir þröskuldsmörk stórslysavarnarskyldu nema eitthvað sérstakt komi til (með t.d. miklum gasbirgðum eða eitruðum fóðringarefnum).

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins,

Sigfús Sigurðsson

| Aðsetur/Address: | Kt: 420181-0439 | Bréfasími/Telefax: | Veffang/Homepage: | Netfang/e-mail: |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| Bíldshöfða 16 | Sími/Telephone: | + 354 550 4610 | www.vinnueftirlit.is | vinnueftirlit@ver.is |
| 110 Reykjavík | + 354 550 4600 | | | |